

SAMSKIPTA- OG SAMRÆÐUNAMSKEIÐ MSHA

Upplýsingar og skráningar á haustnámskeiðin okkar 2021



Haustið 2021 verða öll samskipta- og samræðunámskeiðin okkar haldin á netinu

Haustið 2020 fórum við í það verkefni að setja samskipta- og samræðunámskeiðin okkar; Samskipti stúlkna og Krakkaspjall í rafrænan búning. Námskeiðin voru haldin á netinu bæði á haust- og vorönn við góðar undirtektir. Nú hefur Unglingaspjallið bæst í hópin og í haust verður í fyrsta sinn boðið upp á samskipta- og samræðunámskeiðið Félagaspjall.

Í þessum kynningarbæklingi finnið þið upplýsingar um samskipta- og samræðunámskeiðin sem verða rafræn næsta haust, ásamt slóð á skráningu.

Námskeiðin eru fyrir starfsfólk grunnskóla, kennara, náms- og starfsráðgjafa, þroskaspjálfa, iðjuþjálfra, félagsráðgjafa og aðra sem starfa með nemendum.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ingadóttir, netfang: sigriduri@unak.is

SAMSKIPTA- OG SAMRÆÐU
NÁMSKEIÐ HAUSTIÐ 2021:

KRAKKASPJALL
30. ÁGÚST 2021

UNGLINGASPJALL
29. SEPTEMBER 2021

FÉLAGASPJALL
20. OKTÓBER 2021

SAMSKIPTI STÚLKNA
15. NÓVEMBER 2021

Nokkrar umsagnir frá þátttakendum

„Uppbyggilegt, áhugavert og sjálfstýrkjandi.“

„Flott að fá aðgang að svona hagnýtu efni til að vinna með samskipti.“

„Það var rosa gott að hittast 2x á námskeiðinu, fyrst til að leggja inn efnið og svo aftur til að skoða hvernig gekk með að keyra námskeiðið með nemendum.“

„Verkefninu fylgdi mjög góð handleiðsla frá höfundu og skýr fyrirmæli fylgdu öllum fundum. Það er ómetanlegt fyrir upptekna kennara. Mjög áhugavert og skemmtilegt verkefni.“

Samskipta- og samræðunámskeiðin okkar hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár meðal starfsfólks í grunnskólum landsins. Markmiðið með námskeiðunum er að færa starfsfólki grunnskóla góð verkfæri til þess að vinna með nemendahópum með það að markmiði að efla samskipta- og samræðuhæfni nemenda. Á námskeiðinu fá þátttakendur námsefni og aðgang að ráðgjafa á meðan á námskeiðinu stendur.

Námskeið á netinu- því geta allir verið með hvar sem er á landinu!

Öll námskeiðin eru eins uppbyggð, þ.e. tveir námskeiðsdagar með nokkurra mánaða millibili. Fyrirlestrar eru á netinu og þátttakendur geta hlustað á þá þegar þeim hentar. Viku eftir að námskeiðið byrjar þá hittast þátttakendur og námskeiðshaldari í rauntíma á zoom í tvær klukkustundir. Þetta á bæði við um fyrri og seinni námskeiðsdag. Allt námsefni fyrir þátttakendur er aðgengilegt á námskeiðssíðu námskeiðsins.

Námskeiðin verða þessa daga haustið 2021:

Krakkaspjall: 30.08.2021. Skráning fer fram [hér](#)

Unglingaspjall: 29.09.2021. Skráning fer fram [hér](#)

Félagaspjall: 20.10.2021. Skráning fer fram [hér](#)

Samskipti stúlkna: 15.11.2021. Skráning fer fram [hér](#)

Nokkrar umsagnir frá þátttakendum um ávinning fyrir nemendur

„Þau [nemendur] læra að tjá sig. Taka tillit hinna, bæði þegar aðrir eru að tala og eru ekki að dæma hvað hinir segja.“

„Nemendur hafa fengið aukna færni í að tjá sig og nota mikið "frasa" úr efninu og þá kemst mjög vel til skila hjá þeim þar sem þau geta öll tengt í efnið.“

„Krakkarnir fóru að sjá styrkleika sína og lærðu að styrkleika sé hægt að nýta í félagslegum samskiptum.“

„Nemendur voru meðvitaðri um samskipti og sýndu á einhvern hátt meira umburðarlyndi gagnvart bekkjarfélögum.“

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Skráning á haustnámskeiðin okkar stendur yfir og lokar fyrir hana viku áður en námskeiðin hefjast.

Verð: 54.000 kr. á mann fyrir hvert námskeið.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður Ingadóttir, sérfræðingur á MSHA.